

Félagsfundur Leiknar haldinn föstudaginn 16. nóvember 2007, kl. 10.45. Haldinn í ráðstefnusal í Norræna húsinu í Reykjavík.

Dagskrá

1. Samstarf fullorðinsfræðsluaðila
2. Opnun heimasíðu Leiknar
3. Önnur mál

Mættir voru: Smári Haraldsson, Hulda Ólafsdóttir, Guðjónína Sæmundsdóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Soffía Gísladóttir, Kristín Jónsdóttir, Árni Guðmundsson, Finnur Gunnþórsson og Anna Guðrún Edvardsdóttir, starfsmaður.

Smári Haraldsson, formaður Leiknar setti fund og bauð félagsmenn velkomna.

1. Samstarf fullorðinsfræðsluaðila

Smári rakti tilurð að stofnun Leiknar og vöxt og breytingar fullorðinsfræðslunnar á undanförunum árum. Leikn er aðili bæði að norrænu og evrópsku samtökum fullorðinsfræðslunnar. Leikn er í ýmsu samstarfi við norrænu samtökin en ekki virk í evrópsku samtökunum.

Í upphafi var gerður samningur við Mennt um að sjá um málefni Leiknar. Eftir að Mennt var lagt niður var ákveðið að færa umsýslu Leiknar til Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og var Anna Guðrún Edvardsdóttir ráðinn starfsmaður í litlu starfshlutfalli.

Formaður ræddi um áhuga sinn á að efla samstarf félagsaðila og áhersla í starfi Leiknar verður það.

2. Opnun heimasíðu Leiknar

Smári formaður opnaði heimasíðu Leiknar. Hann fór yfir þá möguleika sem hún gefur, sérstaklega hvaða möguleikar eru á innra netinu fyrir félagsaðila. Ýmsar ábendingar, t.d. um breytt heimilisföng o.fl. komu fram sem leiðréttar voru á staðnum.

Smári upplýsti að ákveðið hefði verið á stjórnarfundum fyrr um morguninn að öll aðsend gögn s.s. um ráðstefnur, fundi, málþing, ósk um samstarf o.fl. sem berast Leikn verði sett inn á innra net Leiknar. Þar geta allir séð hvað er að döfinni bæði innanlands og erlendis. Félagsaðilar ánægðir með það.

Aðilar voru sammála um mikilvægi samstarfs og samvinnu. Hægt að nota innra netið til að skiptast á skoðunum og fá upplýsingar um ýmis mál, t.d. um skráningarfyrikomulag.

Þá kom fram hugmynd um að Kvasir og Leikn vinni meira saman, geri með sér samstarfssamning. Smári fór yfir það hvers vegna Kvasir var stofnuð en í þeim samtökum eru einungis fræðslumiðstöðvar á landsbygginni.

Hulda hvatti til þess að menn væri duglegir við að setja inn fréttir og ýmislegt inn á innra net Leiknar.

Finnur kom fram með hugmynd um að fá aðila til að gera tilboð í að hanna nýtt skráningakerfi fyrir alla félagsaðila innan Leiknar, þar sem það skráningakerfi sem er verið að nota virðist vera í molum.

Hulda upplýsti að það er nefnd á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem er að vinna að útfærslu á nokkurs konar gagnagrunni/skráningakerfi fyrir sína starfsemi. Spurningin er hvort að aðrir geti fengið aðgang að þessu kerfi, þannig að allir séu með sama skráningakerfið. Nefndin hefur ekki skilað af sér tillögum þannig að staða mála er óljós.

Anna Vilborg sagði að fyrirmyndin væri Innan, sem er skráningakerfi sem allir framhaldsskólar nota. Þar væri hver og einn skóli með sitt hólfi og heldur utan um upplýsingar um sína nemendur.

Smári kom fram með tillögu um að aðilar frá Leikn færu á fund Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til að kanna hvar málið stendur vegna þess mikilvægt er að allir aðilar innan Leiknar séu með sama kerfið. Fundurinn samþykkti að Smári og Finnur fari á fund og vinni áfram í málinu.

Aðilar skiptust á skoðunum um fyrirkomulag um skráningakerfi, skráningar og greiðslur og hvernig aðilar í fullorðinsfræðslu hafa þetta hjá sér. Misjafnt er hvernig aðilar vinna þetta en allir áttu það sammerkt að vilja hafa stjórn á hvernig kerfið virkar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00

Fundargerð ritar á tölvu Anna Guðrún Edvardsdóttir, starfsmaður.